

Þúsund ára gömul kirkja grafin upp í Mosfellsdal



Ásdís Hermanowicc, mastersnemi við Kaliforníuháskóla, vann í gær við að grafa upp beinagrind sem legið hefur í moldinni í um þúsund ár.

Kirkja sem getið er um í Egilssögu hefur verið grafin upp að bænum Hrisbrú í Mosfellsdal. Kirkjan var byggð um árið 1000, strax eftir að Íslendingar tóku kristni, með merkilegum byggingarstíl og þykir einstaklega vel varðveitt. Þar hafa einnig fundist um 20 beinagrindur.

Teymi vísindamanna hefur í sumar, fjórða árið í röð, staðið að

uppgreftri að Hrisbrú í Mosfellsdal og vinna nú 16 vísindamenn frá Íslandi, Noregi, Bandaríkjunum og Ítalíu, við uppgröftinn sem unninn er í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og Mosfellsbæ.

Jesse Byock, fornleifa- og norrænufræðingur við Kaliforníuháskóla, sem stýrir uppgreftinum, segir að kirkjan sé í ótrúlega góðu ástandi. "Ekkert hefur verið hreyft hér. Í Egilssögu segir að hér hafi verið kirkja, þetta gæti vel verið sú kirkja og grafreiturnin," segir hann.

Magnús Guðmundsson sagnfræðingur segir að talið sé að þarna sé komin kirkja sem Grímur Svertingsson byggði í kringum árið 1000 þegar kristni var tekin upp á Íslandi. Kirkjan sé ein af 6-7 kirkjum sem byggðar voru á Íslandi strax við kristnitökuna. Hún hafi verið sóknarkirkja, aðallega fyrir Mosfellsdalinn og norðanvert Kjalarnes.

Gefur nýjar upplýsingar um kirkjubyggingar á elleftu öld

Kirkjan er um fjórir metrar að lengd og þrjú metrar að breidd. Dagfinn Skre, prófessor í fornleifafræði við Óslóarháskóla, segir að uppgröfturinn að Hrisbrú gefi nýjar upplýsingar um kirkjubyggingar á Norðurlöndum frá þessum tíma. Ellefu kirkjur frá sama tíma hafi verið grafnar upp í Noregi, en engin þeirra sé byggð með sömu aðferð og kirkjan að Hrisbrú.

"Margar mismunandi byggingaraðferðir voru notaðar. Í fyrsta lagi eru tréstöplur í hornunum, sem voru grafnir niður og báru uppi þakið. Síðan er biti eftir endilöngu gólfinu, með rauf sem veggþiljur voru settar í. Svona gólfbiti með þiljum hefur aldrei áður fundist í norrænum kirkjum. Það er áhugavert og mikilvægt," segir Skre. Steinhleðsla er innan við tréþiljurnar, sem hefur borið uppi bekk meðfram veggnum fyrir kirkjugesti. Skre segir að kórinn hafi verið skör hærra en steingólf kirkjunnar og gólf hans hafi líklega verið klætt viði. Að utan var kirkjan klædd torfi.

"Það er merkilegt að sjá hvernig þiljur voru settar í grunntré. Þetta er mjög sjaldgæft," segir Byock. Viðarbitarnir eru enn heilir og segir Byock að nú verði þeir þurrkaðir. Viðurinn hafi varðveist jafn vel og raun ber vitni þar sem súrefni hafi ekki komist að honum. Inntur eftir því hvort munir hafi fundist inni í kirkjunni segir Byock að lítið sé um það, en smábitar úr kopar og járn hafi þó komið í ljós.

Uppgröfturinn að Hrínesi mun síðan halda áfram, en undir kirkjunni virðast vera leifar af landnámsbæ. Byock segir að útlit sé fyrir að eldur hafi komist í kirkjuna, viðurinn sé sums staðar sviðinn, en engar heimildir séu þó til um bruna þar.

Krabbamein og berklar þjökuðu fólkið

Þá hafa um 20 beinagrindur fundist til hliðar við kirkjuna. Sumar þeirra eru mjög vel varðveittar en aðrar ekki. "Fólk var ekki við góða heilsu á þessum tíma," segir Byock og bætir við að fólkið hafi náð 40-45 ára aldri og verið hrjád af ýmsum kvillum.

"Þetta fólk bjó við erfiðar aðstæður, var greinilega vannært og sumir mjög smávaxnir. Það kemur heim og saman við hluta af heimildum sem við höfum um Ísland á fyrstu öldum Íslandsbyggðar og hvernig lífið var hér," segir Magnús. Hann segir að beinagrindurnar séu af smávaxnara fólki en þær beinagrindur sem grafnar hafa verið upp á Íslandi frá svipuðum tíma. Augljóst sé að sumir hafi lifað mikinn skort.

Hann segir að ein beinagrindin sé af karlmanni á þritugsaldri sem hafi greinlega látist úr krabbameini í heila. "Þeir hafa fundið meinvörp í höfuðkúpunni sem benda til þess að hann hefur dáíð kvalarfullum og óþægilegum dauðdaga. Þeir eru með fleiri heimildir, telja sig jafnvel hafa fundið vísbendingar um berkla, þetta er í kringum árið 1000, og gæti bent til þess að þetta væru fyrstu vísbendingar um berkla hér á landi," segir Magnús.

Bein Egils flutt í kirkjugarðinn



Jesse Byock, Dagfinn Skre og fleiri skoða uppgröftinn á Hrísbú. Trébitarnir sem veggþiljurnar voru lagðar í eru undir plastinu

Hann segir að Egill Skallagrímsson, sem dvaldi í Mosfellsdalnum síðustu æviár sín, hafi t.d. verið með höfuðriðu, orðinn fótkaður og getulaus og lifað frekar slæmu lífi. "Þó hafði hann það að mörgu leyti ágætt í horninu hérna hjá Þórdísi bróðurdóttur sinni og Grími Svertingssyni. Þau bjuggu hérna, það er talið að Egill hafi búið hérna

á Mosfelli frá 974-990, um það leyti deyr hann og hann er grafinn hérna niðri í Tjaldanesi [sunnan við Hrísbú]. Þórdís tók upp beinin og færði til kirkju sem Grímur þessi Svertingsson lét reisa hér á

Mosfelli árið 1000, þegar Egilssaga segir að hann hafi tekið kristni," segir Magnús. Hann segir að sumir telji að býlið að Hrísbú hafi áður heitið Mosfell, en einhverjar nafnatilfærslur hafi átt sér þarna stað.

Samkvæmt Egilssögu var kirkjan lögð niður í kringum árið 1150 og gæti það einnig vel verið raunin varðandi kirkjuna að Hrísbú að sögn Byock. Egla greinir frá því að bein Egils hafi þá verið tekin upp og færð að Mosfelli, en það var skylda samkvæmt kristnirétti Grágásar að færa grafir og kirkjugarða sömuleiðis ef kirkjur voru fluttar til.

Magnús segir ómögulegt að segja til um hvort bein Egils séu meðal þeirra beina sem fundist hafa í uppgreftinum. "Það vitum við ekki. Þeir hafa að vísu fundið einhver stór og mikil bein sem voru í kassa alveg við hliðina á kirkjunni, en það verður víst seint sem við getum útkljáð það. Öll erum við jú komin af Agli og vitum ekki hvort við getum útvegað þeim einhver lífssýni og séð hvort hann sé eitthvað skyldur okkur þessi maður. Egla reyndar segir að bein Egils hafi endað í utanverðum kirkjugarði að Mosfelli," segir Magnús.

Ekkert bólar á silfri Egils

"Nei ekki enn þá," segir Byock hlæjandi, þegar hann er inntur eftir því hvort ekkert hafi fundist af silfrinu hans Egils og bætir við að það sé lítil von til þess. Magnús segir að þó silfrið hafi ekki beint komist í leitinar telji margir Mosfellingar að heita vatnið sem hafi fundist í dalnum sé í raun silfur Egils. "Í það minnsta hafi þetta heita vatn verið gulls ígildi og sjálfsagt meira virði en einn lítill silfursjóður ættaður af Englandi," segir Magnús.

Skre telur fulla ástæðu til að endurreisa kirkjuna að Hrísbú og gera fólki þannig kleift að bregða sér þannig aftur í aldir. "Þetta er eitt af fáum tilfellum þar sem við höfum mikið af upplýsingum um hvers konar bygging þetta var og hvernig hún var byggð þannig að það er vel hægt að gera góða eftirlíkingu," segir hann og bætir við að hann vonist eftir því að yfirvöld muni hrinda slíkri endurbyggingu í framkvæmd. Slíkt segir hann að yrði gott framlag til lífsins í Mosfellsdal við upphaf Íslandsbyggðar.